



LEB

Landssamband eldri borgara

Sigtún 42, 105 Reykjavík

KT: 600989-4059

Símar: +3545677111/ +3548599711

Netfang: leb@leb.is

Heimasíða: www.leb.is

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 143/237
komudagur 15.11.2013

Efni: Umsögn um mál nr. 144, frumvarp til laga um almannatryggingar

Landssamband eldri borgara telur fulla þörf á að auka leiðbeiningarskyldu og eftirlitsheimildir Tryggingarstofnunar til að koma í veg fyrir vangreiðslur og ofgreiðslur bóta.

Ofgreiðslur bóta geta valdið verulegum erfiðleikum hjá eldri borgurum og væri æskilegt að sem allra minnst væri um slíkt. Þá teljum við að samræmi í þessum málum á milli Norðurlandanna sé afar æskilegt eins og hér er stefnt að.

Einnig viljum við nota tækifærið og benda á það óhagræði sem skapast þegar endurgreiða þarf bætur vegna látins maka, þá geta þær upphæðir skipt verulegu máli fyrir þann sem eftir lifir. Við teljum æskilegt að koma í veg fyrir það með öllum ráðum og helst að fella niður endurgreiðslu bóta við andlát maka, ef ekki hefur verið hægt að koma í veg fyrir það.

Þar sem hér er einnig tekið mið af athugasemdum Persónuverndar og Velferðarnefndar á fyrri stigum frumvarpsins þá leggjum við til að frumvarpið verði samþykkt.

Reykjavík, 15. nóvember 2013

f.h. Landssambands eldri borgara

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir
formaður